

**AUGLÝSING****um umferð á Flateyri.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Flateyrarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er eftirfarandi ákveðið:

Einstefnuakstur skal vera á Bárugötu frá Brimnesvegi að Grundarstíg.

31. desember 1984.

Lögreglustjórinn á Flateyri.

**Pétur Kr. Hafstein.**

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n.k. til 31. ágúst 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n.k. til 31. ágúst 1985:

**Vélskelflett rækja:****Færri en 350 st. í lb.:**

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst .....	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	3,052
500 g vatnshúðuð, sérfryst .....	3,391
200 g vatnshúðuð, sérfryst .....	3,556

**Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:**

Blokkfryst .....	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,912
500 g vatnshúðuð, sérfryst .....	3,228
200 g vatnshúðuð, sérfryst .....	3,391

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðlagsgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1984.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*